

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 20. september 2021
UST202103-079/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi nr. 8 (600.08.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Akureyri

Umhverfisstofnun bárust þann 9. september sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Akureyri. Geymirinn er nr. T1032, / nr. 8 (600.08.00). Geymirinn er 833 rúmmetrar að stærð, frá árinu 1974 og er staðsettur í mengunarvarnarpó fólagsins í Krossanesi.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá NDT ehf., þann 2. september 2021. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé ómálaður að innanverðu en í mjög góðu ásigkomulagi. Geymir lítur afar vel út bæði að innan og að utanverðu. Ummerki frá verkfærum eru víða á neðsta umfari geymisins, 1-2mm djúp för (flatjárn soðin á og síðan brotin af). Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. nr. 2155 um prófanir á geyminum.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri